

**Sp.**

**79. Tillaga til þingsályktunar**

[72. mál]

um nýja rafvæðingaráætlun.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson,  
Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson,  
Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun um rafvæðingu allra heimila á landinu, sem hafa ekki fengið eða fá rafmagn samkvæmt 10 ára áætluninni og hafa ekki raforku frá sérstökum vatnsaflsstöðvum. Skal áætlunin við það miðuð, að rafvæðingunni sé að fullu lokið á árinu 1968. Til undirbúnings ákvörðun um það, að hve miklu leyti raforkuþörf heimilanna verði fullnægt með línunum frá samveitum, skal gert yfirlit um þau heimili í hverju sveitarfélagi, sem hafa ekki enn fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, eru utan þeirra framkvæmdaáætlana um raflínur, er raforkuráð hefur samþykkt, og þar sem meðalvegalengd milli býla er:

- 1) allt að 2.5 km,
- 2) allt að 3 km,

ásamt kostnaðaráætlun um raflínulögn til þeirra.

Þá skal og gerð kostnaðaráætlun um uppsetningu dísilstöðva fyrir heimili, eitt eða fleiri saman, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar. Skal í þeirri áætlun gert ráð fyrir, að rafmagnsveitur ríkisins komi stöðvunum upp og eigi þær, en notendur borgi af þeim sanngjarna leigu. Stærð dísilstöðva sé við það miðuð, að næg orka fái til suðu og ljósa, algengra heimilisvéla og súgurrkunar. Einnig skal gerð áætlun um sambærilega aðstoð, t. d. með auknum og hagstæðum lánunum, til þeirra, sem koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota.

Áætlunum þessum skal fylgja yfirlit um öll byggð býli (heimili) í hverju sveitarfélagi og hver þeirra hafi fengið eða fái rafmagn frá samveitum samkvæmt 10 ára áætluninni og hver hafi rafmagn frá sérstökum vatnsaflsstöðvum.

Hin nýja áætlun um raflínur frá samveitum sé þannig gerð, að tímaröð framkvæmda sé ákveðin með hliðsjón af meðalvegalengd milli bæja í sveitarfélögunum.

Raforkumálastjóri og raforkuráð skulu hafa lokið hinni nýju rafvæðingar-áætlun fyrir 31. marz 1964, og skal ríkisstjórnin þá þegar leggja áætlunina fyrir Alþingi, ásamt frumvarpi til laga um framkvæmdir, þar sem ákveðið sé að ljúka rafvæðingunni fyrir árslok 1968.

#### Greinargerð.

Eftir nýjustu upplýsingum frá raforkumálaskrifstofunni höfðu 2458 sveitabýli fengið rafmagn frá almenningsveitum í árslok 1962. Þá var raforkuráð búið að gera samþykktir um raflínur til viðbótar sem hér segir:

Á framkvæmdaáætlun 1962, sem var ekki lokið á því ári . . . . .	196 býli
Á framkvæmdaáætlun 1963 . . . . .	187 —
Á framkvæmdaáætlun 1964 . . . . .	195 —
Á framkvæmdaáætlun 1964—1965 . . . . .	114 —

Samtals 692 býli

Samkvæmt framansögðu má gera ráð fyrir, að þegar lokið verður þeim framkvæmdum við raflínulagnir um sveitirnar, sem búið er að samþykkja í raforkuráði, verði heildartala þeirra býla, sem njóta raforku frá samveitum, orðin 3150.

Raforkumálaskrifstofan telur, að í árslok 1962 hafi 489 sveitabýli haft rafmagn frá einkastöðvum, sem reknar eru með vatnsafli.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að mikið er óunnið við rafvæðingu sveitanna, þó að lokið verði á næstu 1—2 árum að leggja raflínur til þeirra bæja, sem eru á framkvæmdaáætlunum raforkuráðs. En það er ákaflega þýðingarmikið, að rafvæðingunni verði lokið á svo skömmum tíma sem mögulegt er.

Á næstliðnu sumri mun raforkumálaskrifstofan hafa sent ráðherra tvær nýjar áætlanir um rafmagnsveitur í sveitum, og eru þær nefndar bráðabirgðaáætlanir. Á annarri áætluninni er meðalvegalengd milli býla allt að 1.5 km, en á hinni 1.5—2 km. — Þessar bráðabirgðaáætlanir hafa ekki verið birtar, en samkvæmt upplýsingum, sem einstakir þingmenn hafa getað fengið, hver fyrir sitt kjördæmi, munu áætlanirnar ná til um það bil 740 býla, sem hafa ekki enn verið tekin á framkvæmdaáætlanir raforkuráðs.

Þó að ákveðið yrði að leggja raflínur frá aðalorkuveitum til þeirra ca. 740 býla, sem eru í hinum nýju bráðabirgðaáætlunum raforkumálaskrifstofunnar, yrðu enn eftir á annað þúsund sveitabýli, sem hvorki hefðu rafmagn frá samveitum né frá sérstökum vatnsaflsstöðvum. Það virðist því sjálfsagt, að það sé gaumgæfilega athugað, hvort mögulegt er að leggja raflínur um fleiri svæði en þau, sem hinar nýju áætlanir ná yfir, áður en fullnaðarákvörðun verður tekin um rafvæðinguna. Til þess þarf nýjar áætlanir, og í tillögunni, sem hér er flutt, er lagt til, að þær áætlanir verði gerðar á þessum vetri.

Í tillögunni, sem hér er flutt, er lagt til, að skorað verði á ríkisstjórnina að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að gera áætlun um rafvæðingu allra þeirra heimila á landinu, sem hafa ekki fengið rafmagn samkvæmt 10 ára áætluninni eða frá sérstökum vatnsaflsstöðvum og hafa ekki enn verið tekin á framkvæmdaáætlanir um raflínur, sem raforkuráð hefur samþykkt. Sé áætlunin miðuð við, að framkvæmdinni sé að fullu lokið á árinu 1968. Þá er og lagt til, að gert verði yfirlit um öll þau heimili í hverju sveitarfélagi, sem hafa ekki enn fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, eru utan þeirra framkvæmdaáætlana um raflínur, er raforkuráð hefur samþykkt, og þar sem meðalvegalengd milli býla er, í fyrsta lagi allt að 2.5 km og í öðru lagi allt að 3 km, ásamt áætlunum um kostnað við raflínulögn til þeirra. Þetta yfirlit og áætlun er nauðsynlegt að gera til undirbúnings ákvörðun um það, að hve miklu leyti raforkuþörf sveitanna verður fullnægt með raflínum frá samveitum. En sjálfsagt er að fullnægja rafmagnsþörfinni með samveitum, að svo miklu leyti sem mögulegt er, því

að það veitir heimilunum miklu öruggari og fullkomnari þjónustu heldur en rafmagn frá litlum mótörstöðvum.

Þá er ákveðið í tillögunni, að gera skuli áætlun um uppsetningu dísilstöðva fyrir þau heimili, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum, og hafa ekki skilyrði til vatnsaflsvirkjunar. Er lagt til, að áætlunin verði við það miðuð, að rafmagnsveitur ríkisins komi upp þessum dísilstöðvum og eigi þær, en notendur borgi af þeim hóflega leigu. Leiguna ætti að ákveða þannig, að notendur dísilstöðvanna njóti a. m. k. ekki minni stuðnings af opinberri hálfu heldur en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Enn fremur er lagt til, að þeir, sem koma upp sérstökum vatnsaflsstöðvum til heimilisnota, fái til þess meiri aðstoð en nú er veitt, t. d. með auknum og hagstæðari lánum.

Lagt er til, að áætlun raforkumálastjóra og raforkuráðs fylgi yfirlit um öll byggð býli á landinu, hver af þeim hafi fengið eða fái rafmagn samkvæmt 10 ára áætluninni og hver hafi rafmagn frá sérstökum vatnsaflsstöðvum.

Mikill meiri hluti landsmanna hefur þegar fengið raforku til heimilisþarfa og annarra nota, að langmestu leyti frá virkjunum og orkuveitum, sem komið hefur verið upp af ríkinu eða með stuðningi þess. Hinir, sem enn eru án raforkunnar, eiga einnig rétt á því, að bætt verði úr þörfum þeirra í þessu efni, svo fljótt sem mögulegt er, og þeir eiga rétt á að fá án óþarfrar tafar vitneskju um, hvers þeir megi vænta. Hefur þegar dregizt of lengi að taka ákvarðanir um áframhald rafvæðingarinnar, en sú framkvæmd er ein hin þýðingarmesta fyrir þau mörgu sveitaheimili, sem enn eru án þeirra miklu þæginda, er rafmagnið veitir.